

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**722. fundur byggðarráði Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 7. nóvember 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Bréf Baldurs Heimissonar.
2. Bréf Konráðs P. Jónssonar.
3. Bréf Skipulagsstofnunar.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram bréf Baldurs Heimissonar dags 24. október s.l., þar sem hann segir upp samningi vegna grenjavinnslu í fyrrum Þverárhreppi. Byggðarráð samþykkir uppsögnina.
2. Lagt fram bréf Konráðs P. Jónssonar dags. 25. október s.l. þar sem óskað er eftir að Björn Viðar Unnsteinsson verði ráðinn til að sinna grenjavinnslu í fyrrum Þverárhreppi í stað Baldurs Heimissonar. Byggðarráð samþykkir að vísa erindi Konráðs til umsagnar landbúnaðarráðs.
3. Fram lagt bréf Skipulagsstofnunar þar sem gerð er grein fyrir að Umhverfissráðherra hafi falið stofnuninni gerð landsskipulagsstefnu 2012-2024. Markmið landsskipulagsstefnu er að setja fram leiðarljós um landnotkun og nýtingu lands og landgæða sem tryggir öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkari áætlanagerð. Í bréfinu er þeim er áhuga hafa gefinn kostur á að tilnefna einstaklinga til þátttöku í starfinu framundan en áætlað er að lokatillaga að landsskipulagsstefnu liggi fyrir þann 1. september 2012. Vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

4. Rætt um stöðu dýralæknaþjónustu í Húnavatnssýslum.
5. Farið yfir atriði er snerta fyrirhugað útboð á sorphirðu í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að umsjón og framkvæmd með útboðinu verði keypt frá Ríkiskaupum. Byggðarráð mun ásamt sveitarstjóra og starfsmönnum tæknideildar vinna að gerð þarfa- og verklýsingar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:55

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán Einar Böðvarsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

---

Elín Jóna Rósinberg.